



Borgarráð

Reykjavík, 18. nóvember 2024

MSS22090037

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð forsætisnefndar frá 15.11.2024 varðandi eftirfarandi mál:

### **Samningur um stuðning við Iceland Innovation Week 2025-26**

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 12. nóvember 2024, varðandi samning um stuðning við Iceland Innovation Week 2025-2026

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Ólöf Magnúsdóttir  
e.u.

Hjálagt:

Bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara



Forsætisnefnd

Reykjavík, 12. nóvember 2024

MSS22090037

## Samningur um stuðning við Iceland Innovation Week 2025-26

Óskað er eftir að forsætisnefnd samþykki, fyrir sitt leyti, meðfylgjandi drög að samningi um stuðning við Iceland Innovation Week og vísi honum til staðfestingar borgarráðs, þannig að Reykjavíkurborg styrki Iceland Innovation Week (IIW) um 2,5 m.kr. næstu tvö ár (2025 og 2026), samtals 5 m.kr. á samningstímanum. Að fenginni staðfestingu í borgarráði verður samningnum vísað til kynningar í stafrænu ráði.

Reykjavíkurborg verður með þessum samningi áfram skilgreind sem burðarstólpi hátíðarinnar, getur sett viðburði í viðburðadagadal og verið með bás á hátíðarsvæði. 7 hátíðarpassar fylgja samningnum auk 40% afsláttar af miðakaupum. Reykjavíkurborg býðst að vera með aðila í aðaldagskrá hátíðarinnar auk þess sem borgarstjóra er boðið sérstaklega að taka þátt.

Fyrir utan fjárstyrk skuldbindur Reykjavíkurborg sig með samningi þessum til að standa fyrir viðburði á hátíðinni eða koma að dagskránni á annan hátt. Auk þess verður veitt aðstoð við markaðssetningu þegar við á með því að vekja athygli á hátíðinni á kynningarsvæðum og miðlum Reykjavíkurborgar. Fulltrúar Iceland Innovation Week hvetja Reykjavíkurborg áfram til að nýta hátíðina sem vettvang til samræðna, samstarfs og kynningar á eigin nýsköpunarverkefnum eins og hefur verið gert undanfarin ár.

Kostnaður verður færður á kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur.

### *Greinargerð:*

Reykjavíkurborg hefur styrkt hátíðina frá stofnun hennar og var árlegur styrkur 2,5 m.kr. árin 2022-2024 og þar áður 1 m.kr. árið 2021 og 2020.

Iceland Innovation Week er árleg nýsköpunarvika sem hefur það markmið að efla frumkvöðlastarfsemi og tækniframfarir á Íslandi. Vikunni er ætlað að sameina frumkvöðla, fjárfesta, vísindamenn og nemendur á ýmsum sviðum til að deila hugmyndum og kynnst nýjum tækifærum. Fjölbreytt dagskrá er í boði, þar sem haldnar eru vinnustofur, málstofur, kynningar og sýningar á nýjungum í tækni og nýsköpun. Fyrirtæki á sprotastigi fá tækifæri til að kynna starfsemi sína og laða að sér samstarfsaðila og fjárfesta, sem getur reynst þeim mikilvægur stuðningur í vexti og þróun. Iceland Innovation Week hefur orðið vettvangur sem dregur að sér bæði innlenda og erlenda sérfræðinga og hefur þannig stuðlað að aukinni alþjóðlegri athygli á nýsköpunarumhverfi Íslands.



Reykjavík



Óli Örn Eiríksson  
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt:

Drög að samningi um stuðning við Iceland Innovation Week 2025-26, ódags.



**Reykjavík**



Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd Reykjavíkurborg og Iceland Innovation Week ehf. kt. 420620-2840, Laugavegi 11, 101 Reykjavík, hér eftir nefnt Iceland Innovation Week, gera með sér eftirfarandi;

## **SAMSSTARFSSAMNING**

### **um stuðning við Iceland Innovation Week 2025-26**

#### **1. gr. Skilgreining verks**

Reykjavíkurborg mun styðja Iceland Innovation Week 2025-2026. Reykjavíkurborg óskar með stuðningi sínum að auka aðgengi og sýnileika nýsköpunar þvert á atvinnugreinar auk þess sem markmiðið er að festa hátíðina í sessi til frambúðar í Reykjavík. Með samstarfssamningi þessum skuldbindur Iceland Innovation Week sig til að fylgja eftirfarandi samningsatriðum fyrir hátíðina 2025 og 2026:

- 1.1. Reykjavíkurborg verður skilgreind sem burðarstólpi hátíðarinnar
- 1.2. Firmamerki borgarinnar sýnilegt á forsíðu Iceland Innovation Week og borginni jafnframt gerð skil á öllu útgefnu markaðsefni.
- 1.3. Fulltrúi Iceland Innovation Week tekur þátt í vinnuhópi og gefur ráðgjöf varðandi þátttöku Reykjavíkurborgar.
- 1.4. Reykjavíkurborg getur skráð ótakmarkaða viðburði í viðburðadagatal.
- 1.5. Viðburðum Reykjavíkurborgar verður komið á framfæri við fjölmiðla.
- 1.6. Stór bás á hátíðarsvæði og tveir hátíðarpassar fyrir starfsfólk á básnum
- 1.7. Fjallað verður um viðburði Reykjavíkurborgar á samfélagsmiðlum hátíðarinnar
- 1.8. Reykjavíkurborg verður boðið að leggja til sérfræðing í aðaldagskrá hátíðarinnar og borgarstjóra boðið sérstaklega að taka þátt.
- 1.9. Fimm hátíðarpassar fyrir starfsfólk borgarinnar og 40% afsláttur af fleiri miðum
- 1.10 Borginni gefst afnot af sameiginlegu kynningarefni hátíðarinnar

#### **2. gr. Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur**

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að framfylgja eftirfarandi:

- 2.1. Reykjavíkurborg staðfestir þátttöku í Iceland Innovation Week og mun standa fyrir viðburði á hátíðinni eða koma að dagskránni á annan hátt.
- 2.2. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að leggja fram stuðningsframlag að andvirði kr. 2.500.000- kr. án vsk. á ári, samtals. 5.000.000- kr. án vsk. á samningstímanum, með fyrirvara um fjárhagsáætlun 2026. Framlag samstarfsaðila greiðist eigi síðar en fjórum vikum fyrir hátíð ár hvert.



2.3. Reykjavíkurborg aðstoðar við markaðssetningu með því að vekja athygli á hátíðinni á sínum kynningarsvæðum og miðlum.

2.4. Greiðsla skal fara fram gegn framvísun reiknings. Reikningurinn skal stílaður á Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609. Nafn Iceland Innovation Week, kennitala og heimilisfang skal einnig koma fram á reikningi sem skal vera með fyrirfram prentuðu númeri. Reikningur sendist á: bokhald@reykjavik.is.

### **3. gr. Samningstími**

Samningurinn gildir frá undirritun og þar til Iceland Innovation Week 2026 er lokið.

### **4. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir**

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa annast skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg og Melkorka Sigríður Magnúsdóttir f.h. Iceland Innovation Week.

### **5. gr. Vanefndir, fyrirvarar og uppsögn**

Fjárveitingar samkvæmt samningi þessum eru með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Iceland Innovation Week skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði samnings þessa og samningsgagna. Vanefni hann þær er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur, krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti, eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Iceland Innovation Week. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega.

5.1. Komi upp óviðráðanlegar ytri aðstæður áskilur Iceland Innovation Week sér rétt til að fresta hátíðinni.

5.2. Komi til þess að hátíðinni annað hvort árið verði frestað skal hún samt sem áður fara fram á sama ári og helst þá stuðningsframlag fyrir þá viku óbreytt.

5.3. Sjái Iceland Innovation Week sig knúna til að aflýsa hátíðinni alfarið, annað hvort árið eða bæði árin, verður framlag Reykjavíkurborgar fyrir þá viku, eða eftir atvikum þær vikur, endurgreitt.

5.4. Ef fjárframlag frá samningsaðila er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur samningsaðili sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.



Rísi mál vegna efnda samningsins þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### **6. gr. Trúnaður**

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Sama gildir um annað það sem aðilar verða áskynja um meðan á samstarfinu stendur eða það sem leynt skal fara samkvæmt lögum eða fyrirmælum Persónuverndar. Þagnarskyldan helst eftir samningslok.

#### **7. gr. Framsal**

Iceland Innovation Week er óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis verkkaupa. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

**Reykjavík [dags. 2024]**

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Iceland Innovation Week

---

Óli Örn Eiríksson

---

Melkorka Sigríður Magnúsdóttir